

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kjósarhreppi.

Deiliskipulag Eyrar, Eyrarþorp.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkti á fundi sínum 4. september 2024 deiliskipulag Eyrarþorps. Í deiliskipulaginu felst stækkun íbúðarbyggðar (ÍB8) í allt að 61 ha að stærð fyrir 48 íbúðarlóðir frá u.þ.b. 5.000 m² - 10.000 m² að stærð. Auk íbúðarhúss er heimild fyrir aukahúsi og lóðir sem liggja syðst á skipulagssvæðinu geta reist hesthús en lóðir nyrst á skipulagssvæðinu hafa heimild til að reisa aukalega 20 m² bátaskýli á lóð. Við gildistöku þessa nýja deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag sama svæðis frá 15. maí 2024. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 28. júlí 2024.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Eyrar, Eyrarþorp.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkti á fundi sínum 4. september 2024 deiliskipulag Eyrar í Kjós, ferðapjónusta. Í deiliskipulaginu felst að afmarka 11 byggingarreiti innan lóðar fyrir þjónustuhús fyrir ferðamenn. Hámarksbyggingarmagn á hverjum reit (E6-E16) er 65 m². Auk þess sem byggingarreitir (E1-E5) við núverandi íbúðarhús og útihús eru staðsettir og stækkaðir. Skipulagssvæðið er um 8 hektarar að stærð. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 30. júlí 2024.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Kjósarhreppi, 28. nóvember 2024.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 12. desember 2024